



### 384. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu þann 20. október 2011 kl. 14.00. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þráinn Bertelsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður I. Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir og Ólafur Örn Haraldsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist;

#### 1. Lagt fram erindi frá Karli Sigurbjörnssyni biskup.

Í bréfi biskups dags. 20.10.2011 var kynnt sú fyrirætlun að leggja Þingvallasókn til Skálholtsumdæmis og að sett verði á laggirnar Þingvallakirkjunefnd undir forsæti vígslubiskups og að nefndina skipi; fulltrúi sóknar, fulltrúi prófastdæmis og fulltrúi Þingvallanefndar.

Þessi skipan mála verður lögð fyrir væntanlegt kirkjuþing til afgreiðslu og óskað eftir samþykki þingsins að því leyti sem snýr að Þingvallanefnd.

Erindið var samþykkt.

#### 2. Hugmyndaleit, sýning, verðlaunaafhending og málþing.

Formaður gerði grein fyrir framgangi og viðburðum hugmyndaleitar vegna framtíðaruppbyggingar Þingvalla. Sýning á tillögum hugmyndaleitarinnar stendur yfir frá 18. til 23. október í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Verðlaunaafhending fer fram þann 21. október og málþing um hugmyndaleitina haldið þann 22. október í Ráðhúsi Reykjavíkur.

#### 3. Framkvæmdir við sprungu og jarðrask í Kárastaðastíg efst í Almannagjá.

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála og mikilvægi þess að verkinu yrði lokið fyrir upphaf ferðamannatímans næsta vor. Ræddar voru ýmsar hugmyndir um hvernig heppilegast væri að leggja gönguleið um gjána og hvernig standa ætti að hönnun hennar og enn fremur hvort og þá hversu mikið ætti að fylla upp í efsta hluta gjárinnar sem hefur verið opnaður.

Samþykkt var að undirbúa næstu skref sem feli í sér að efna til samkeppni eða leita eftir hönnunartillögum í þeim tilgangi að fá fleiri tillögur en nú liggja fyrir og að fleiri eigi þess kost að koma hugmyndum sínum á framfæri. Könnun þessi taki sem skemmstan tíma og sé sem kostnaðarminnst. Þingvallanefnd velji síðan þá hönnunartillögu sem fellur best að sjónarmiðum nefndarinnar um Almannagjá og stefnumótun Þingvalla. Þjóðgarðsverði og formanni var falið að vinna að þessu og leggja valkosti fyrir nefndina.

#### 4. Kynnt var bréf Þjóðgarðsvarðar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Bréfið var dags. 8. September 2011, um ráðstöfun og umsýslu lóðar gamla bæjarins á Kárastöðum en þar kemur m.a. fram að Þingvallanefnd fer þess á leit við ráðuneytið að þar sem fyrirhugað er að lóðin verði leigð út úr jörðinni þá verði lóðinni afsalað til

Þingvallanefndar, þannig að nefndin geti með beinum hætti annast samningsgerð við eigendur hússins. Þannig verði hægt að gæta samræmis við aðra lóðarleiguhafa innan þjóðgarðsins, svo sem vegna forkaupsréttar, framsals leiguréttinda o.fl. – Ráðuneytið fellst á þetta en bætir eftirfarandi við í tillögum sínum: „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fellst á ósk Þingvallanefndar um að Þingvallanefnd fái umráð lóðarinnar, sem gamli bærinn stendur á. Þingvallanefnd hafi þannig umráð lóðarinnar, ákveði ráðstöfun hennar, skilyrði nýtingar, annist gerð leigusamnings og sjái um samskipti við leigutaka. Að svo stöddu verði hið eiginlega eignarhald lóðarinnar þó ekki framselt til Þingvallanefndar. Þarf samþykki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem landeiganda að liggja fyrir við þinglýsingu annarra kvaða á lóðina en hér ræðir. Fulltrúar eigenda gamla bæjarins að Kárastöðum verða upplýstir um þessa tilhögun.“

Meðf. er drög að yfirlýsingu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Þingvallanefnd samþykkir þessa málsmeðferð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.